

ana, sem engar hengiskýlur voru fyrir, því Pétur gamli vildi ekki eyði, svona að gagaslausu breði krefti og snæri — það, sem óeytt var — var gróði. Ekki var hann fljótari að taka eftir bardaganum milli dags og nætur, er hann hæglega vissi hvernig myndi lykta, en hann slökti ljósíð — það var búið að loga meira en heila klukkustund.

Birtan var samt of dauf til þess, að hann, þrátt fyrir gleraugun, sæi til að lesa smáa sálmbókarletrið.

— Og þetta á að heita dagsbirta, úrræði hann í áttina til gluggannar. Slik eg þvílik óvera. Það er hvorki ljós né myrkur.

Hann vissi ekki, hvað hann átti að taka sér fyrir hendur, leitaðist fyrst við að finna upp á einhverju til þess að eyða tímanum við þangað til orðið væri vel bjart, en þessari leit lauk með því, að ekki varð annað til úrræða en að vefja um sig upp fyrir höfuð þessun full fertuga kvenmöttli, lambskinnsfeldinum um fæturna og reyna að sofna í harða legubekknum; á meðan yrði þó að líkendum bjart, og svo kæmi döttir hans að líkendum með kaffi — æ, dálitið af heitu kaffi þennan kalda morgun kæmi sér líka vel.

Í gegn um rifur á hurðinni seildist til hans ljósglæta innan úr svefnherberginu.

Hann reis upp á olnboga og ætlaði að fara að grenja: Slökkvið þið ljósíð þarna inni í svefnher-

berginu! En þá mintist hann þess, að konan hans var veik, ætlaði ñó vera mannúðlegur og leggja ljós-matar útgjöldin saman við lyfsalareikninginn, spenti greipar og bað guð að gefa sinni ástkværu húsfreyju heilsu og hreysti aftur svo fljótt sem mögulegt væri.

Svei, svei! — Læknirinn hafði vandr sagt, að þetta væri hrettulegt — það var þessi lungnabólga í annað sinn! Svei þessum læknum! Þeir segja svo niargt að eins til þess, að geta sent nógum háa reikninga..... Það var óhyggi-legt að hann hafði ekki haldið fastan húslækni fjögur síðustu árin, því það gat þó sjálfsgagt ekki orðið jafn mikil upphæð, og þessi læknir heimtaði nú, og svo er það þó drottinn, sem ókeypis gjörir að saman, svo öllum þeim peningum, sem læknirinn fær, er í rauninni lögr í forarræsin.

Það var samt sem áður gremju-legt, að þær létu ljósíð stöðugt lifa barna inni! Skyldi konan hans verða betri eða verri, hvort heldur hún lá í björtu eða dimmu herbergi? — Jæja..... látum nú svo vera, þangað til henni skánar dálitið.... Þá skulu þó ljósin verða slökkt, — það skal eg sjá um.

Til þess að gjöra sér ekki alt of órótt í skapi út af ljósrákunum úr rifunum á hurðinni, tók Pétur gamli það ráð, að fastvefja kvenmöttlinum utan um höfuðið á sér. Þó blundaði hann að eins til hálfss, og þá létt hann æfiatriði sín líða fyrir í huga sínum eins og þoku-